

Þá kallar konungurinn fólkid saman að steinjnum og segir: „Vínir minir! Fyrir þrem vikum síðan velti eg sjálfur steini þessum út á veginn. Og þennan tíma hef eg tekið eftir því, að öllum, sem um veginn hafa farið, hefur sárnad að sjá steininn í veginum, og þeir hafa vonskast við aðra út af því, að enginn skyldi taka hann burt. Það enginn hefur nent að gera það. Nú ætla eg að gera það sjálfur.“

Að þessu búnu veltir hann steininum út af veginum. En sjá! Undir steininum liggar pemingapygja og stendur þetta skrifad á hana: „Handa þeim, sem veltir burtu steininum.“ Konungurinn opnar pyngjuna og eru í henni 20 gullpeningar og fugur gulihringur.

Ín hvað fólkí sárnadi það nú, að það skyldi ekki hafa tekið steininn burt! Bóndinn og hermadurinn, sem líka voru þarna viðstaddir, og allir hinir, sem farið höfdu fram hjá, vildu nú gjarnan fá laumini. En — þeir höfdu ekki unnið til þeirra. Þeir höfdu ekki nent að velta steininum úr veginum. Höfdu ekki viljat leggja það á sig til gagns fyrir almenning.

Kæru börn! Það eru margskonar steinar til. Þeir liggja í vegi fyrir okkur og í vegi fyrir öðrum. Og það er fjársjóður fólginna undir hverjum steini. Og því staðri sem hver steini er og því meira sem þið þurfið á ykkur að reyna við hann, því staðri verður fjársjóðurinn, sem þið eignist.

Gangið ekki fram hjá steinunum, þótt þeir sýnist stórir. Verðið ekki vond út af því, að þeir sé í veginum. Látid þá ekki liggja, þó það kosti ykkur áreynslu að eiga við þá eða þó ykkur finnist, að öðrum sé mest þægðin í því, að þeir sé teknir burt. Segið ekki: „Æ, eg nemmi ekki að eiga við þá! Aðrir geta gert það.“ Þið graðið á því að eiga við þá og velta þeim úr vegi. Munið, að fjársjóður liggur undir þeim. Guð hefur lagt fjársjóð undir hvern Stein, sem hann vill þið eigið við og veltið úr vegi.

Hverjir eru svo steinarnir? Og hver er fjársjóðurinn? Hvert ykkar getur sagt mér það? Eg ætla að byðja ykkur að segja mér það skriflega. Því barni, sem leysir bezt úr spurninguinni, verða gefin einhver verdlaun. En greinileg utanáskrift og aldur þess, sem sendir úrlausnina, þarf að fylgja með.

Iverju þeirra þótti vænt um mómmu sína?

(Dýtt.)

Sólin var gengin undir og það var farið að dimma í setu-